

Nd.

407. Frumvarp til framfærslulaga.

Flm.: Jónas Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Sigurður Einarsson, Páll Þorbjörnsson.

I. KAFLI

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

2. gr.

Skýlt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skýlt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skýlt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, er ekki hafa náð þeim aldri, enda hafi hún foreldraráð yfir þeim, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur, ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sinu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skýlt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega foreldrar ekki verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi,

sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess (sbr. þó 15. gr.).

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlag af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á framfærsluþurfi tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald þar sem framfærsluþurfi á lögheimili eða er staddur, skera úr.

Nú vill framfærslumaður taka á heimili sitt framfærsluþurfa eldri en 16 ára, er honum er skylt fram að færa samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, en framfærsluþurfi vill eigi samþykkja þá ráðstöfun, og má þá eigi flytja framfærsluþurfann þangað án samþykkis hans. Skal þá framfærslumanni gert að greiða meðlag með styrkþega, samkvæmt fyrirmælum 8. gr., en eigi má það herra vera en sem nema mundi framfærslukostnaði styrkþega, ef hann dveldist á heimili framfærslumanns.

8. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærsluna gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, ef sveitarstjórnin í heimilissveit hans álitur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né um framfærslu þá, er getur í 11. gr.

9. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærsluþurfi á heima, eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar. Áður en slíkur úrskurður er upp kveðinn, skal yfirvald það, er í hlut á, hafa aflað sér upplýsinga um efnahag og greiðslugetu framfærslumanns, og sé hann búsettur utan lögsagnarumdæmisins, skal slíkra upplýsinga leitað hjá yfirvaldi í því umdæmi, þar sem framfærslumaður er búsettur.

10. gr.

Nú er meðlagsúrskurður samkvæmt framansögðu löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lög-taki samkv. lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki er greidd í gjalddaga fúlga sú, sem framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum, eða stjúpbarni sínu á sama aldri, þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetuu barni sínu.

Þó á fráskilin kona eigi kröfu á að fá greitt af heimilissveit sinni hærri upphæð en sem svarar meðalmeðlagi fyrir það eða þau börn hennar, er hún hefir á framfæri.

11. gr.

1. Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sífjalögum, að því leyti, sem lög þessi ná ekki til.
2. Um framfærsluskyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum fer eftir hjúalögum.
3. Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir sjómannalögum.
4. Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart iðnnemum fer eftir lögum um iðnaðarnám.

Framfærslumaður eða framfærslusveit hjúa, skipverja og iðnnema á sömu framfærslukröfu á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og aðili sjálfur, ef hann neytir ekki réttar síns.

II. KAFLI

Um framfærslurétt.

12. gr.

Sérhver islenskur ríkisborgari, eldri en 16 ára, á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans.

13. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flytur í, þegar er hann hefir tekið sér þar fast aðsetur. Á þetta jafnt við um þá, sem framfærslustyrks hafa notið, og aðra. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annari sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annari slikri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi. Meðan þeir dvelja þar eiga þeir framfærslurétt í þeirri sveit, er þeir áttu lögheimili í, þegar dvöl þeirra á stofnunum þessum hófst, en öðlast þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er þeir taka sér bólfestu í, að dvölinni lokinni.

14. gr.

Um framfærslurétt hjóna, sem skilið hafa samvistir, gilda ákvæði 12. og 13. greinar. Skilgetin börn undir 16 ára aldri eiga framfærslurétt í heimilissveit

foreldra sinna. Séu hjónin skilin eða sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í heimilissveit þess foreldrisins, er foreldraráðin hefir, eða það fylgir, og helzt sá framfærsluréttur, þótt foreldrið deyi.

Nú hafa hjón skilið samvistir án þess að úrskurðað hafi verið um foreldraráð yfir barni þeirra, er hjá hvorugu dvelur, og á barnið þá framfærslurétt í heimilissveit föður síns, eða þeirri sveit, er hann átti síðast lögheimili í, sé hann dáinn.

Óskilgetin börn innan 16 ára aldurs eiga framfærslurétt í heimilissveit móður sinnar.

15. gr.

Nú hefir lögskyldur framfærslumaður barns komið því í fóstur, og þar er gefið með því samkvæmt meðlagsúrskurði, eða sveitarstjórn hefir ráðstafað barni með ákveðinni meðgjöf, og er þá eigi heimilt að taka barnið frá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur, og fósturforeldrarnir vilja halda barninu, enda krefjast þeir ekki af sveitarstjórn hærri meðgjafar en meðalmeðlags.

Nú vill foreldri barns, sem ráðstafað hefir verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, taka barnið til sín, en fósturforeldrarnir vilja hafa það áfram, og þeir krefjast ekki meiri meðgjafar en meðalmeðlags, og skal þá barnaverndaráð úrskurða, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barn og foreldri eiga heima, hjá hvorum aðila barnið skuli dvelja.

16. gr.

Nú verður barn munaðarlaust, en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfærslumann á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum, og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins, þó með þeim takmörkunum, er segir í næstu grein á undan.

Verði eigi úr því skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit barns, er dvalarsveit þess skylt að annast framfærslu þess. Framfærslustyrkur veittur samkv. þessari grein telst styrkur veittur munaðarlausu barni.

17. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenskir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenskan ríkisborgararétt.

18. gr.

Maður, sem öðlazzt hefir framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann missir íslensks ríkisfangs, enda hafi hann öðlazzt ríkisborgararétt í öðru ríki. En öðlist hann aftur íslenskan ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í heimilissveit sinni.

19. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í heimilissveit hans eða dvalarsveit, en endurgreiða skal rikissjóður framfærslustyrkinn.

20. gr.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu islenzks rikisborgara, og ráðherra álitur, að ekki verði hjá því komizt að veita honum viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum með fjölskyldu, ef nokkur er, á þá sveit, er framfærsluþurfi til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum fyrsta árið, er hann dvelur þar, skal henni endurgoldinn úr rikissjóði.

21. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur erlendis, og er þá skylt að endurgreiða þann styrk úr rikissjóði. Sömuleiðis greiðist úr rikissjóði allur kostnaður við flutning þess styrkþurfa og skylduliðs hans frá útlöndum, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

III. KAFLI

Um styrk með börnum ekkna.

22. gr.

Þegar ekkja, sem rétt á til framfærslu hér á landi og börn hefir á framfæri sínu, eitt eða fleiri, sem hjá henni dveljast, á við þau kjör að búa, að hún, að dómi valdsmanns þar, sem hún á heima, er ekki einfær um að kosta framfærslu og uppeldi þeirra, á hún rétt á, að valdsmaðurinn úrskurði henni meðlag samkvæmt lögum þessum. Leita skal valdsmaður álits framfærslunefndar eða hreppsnefndar þar, sem ekkjan á heima, um hagi hennar, áður en úrskurður er upp kveðinn.

23. gr.

Kveða skal upp úrskurð um meðlag með hverju barni um sig, sem er innan 16 ára aldurs og á framfæri ekkjunnar. Þó skal valdsmaður ekki úrskurða meðlag með öllum börnunum, ef fleiri eru en eitt og hann telur, að meðlag með einu þeirra eða einhverjum muni nægja til þess að ekkjan geti kostað framfærslu allra barnanna. Sérhver úrskurður skal hljóða á nafn ákveðins barns, og séu ekki kveðnir upp úrskurðir með öllum börnunum, skulu úrskurðir hljóða á nafn hinna yngstu. Valdsmaður getur fjölgað úrskurðum og einnig fellt úrskurði úr gildi, ef honum þykir ástæða til, sökum breyttra ástæðna ekkjunnar. Neitun valdsmanns á að kveða upp úrskurð og niðurfelling úrskurðar má jafnan áfrýja til atvinnumálaráðherra.

24. gr.

Upphæð meðlags samkvæmt hverjum meðlagsúrskurði skal vera jöfn meðalmeðlagi í þeirri sveit eða kaupstað, þar sem ekkjan á heimili.

25. gr.

Meðlög með börnum ekkna samkvæmt lögum þessum greiðast af heimilisveit ekkjunnar, á sama hátt og meðlög með óskilgetnum börnum. Þó er heimilissveit ekki skylt að inna af höndum greiðslu, sem ekki er krafizt fyrr en ár er liðið frá því að hún varð gjaldkræf. Þegar greiðslu er krafizt, er skylt að sýna úrskurð og lífsvottorð barnsins, sé þess óskað.

26. gr.

Nú giftist ekkja, sem meðlög fær með börnum sínum samkvæmt fyrir-mælum þessara laga, og falla þá meðlagsúrskurðirnir sjálfkrafa úr gildi.

IV. KAFLI

Um stjórn framfærslumála.

27. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn allra framfærslumála í landinu. Hann getur, ef hann telur þess þörf, skipað framfærslumálastjóra, er þá stýrir framkvæmdum framfærslumála, undir yfirumsjón ráðherra. Framfærslumálastjóri skal vera sveitar- og bæjarstjórnnum til aðstoðar og ráðuneytis um vandasöm framfærslumál.

Atvinnumálaráðherra ákveður laun og skrifstofufé framfærslumálastjóra.

28. gr.

Framfærslumálum heima í héraði stjórna bæjarstjórnir og hreppsnefndir, hver í sinu umdæmi.

29. gr.

Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn sérstaka nefnd, er nefnist framfærslunefnd, til þess að annast framkvæmdir framfærslumála kaupstaðarins.

Framfærslunefnd skal skipuð 5 mönnum. Bæjarstjórn kýs 4 þeirra með hlutfallskosningu; auk þess er formaður barnaverndarnefndar sjálfkjörinn í nefndina.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar. Nefndin kýs sér sjálf formann.

30. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að kjósa framfærslunefnd, og fer þá um skipun hennar og verksvið eins og í kaupstöðum, nema að formaður skólanefndar kemur þar í stað formanns barnaverndarnefndar.

31. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar hjálpar, snúa sér til formanns framfærslunefndar, eða á skrifstofu nefndarinnar, og skýra frá ástæðum sínum. Framfærslunefnd skal

þá, svo fljótt, sem við verður komið, halda fund um málið, sé það þannig vaxið, að það geti eigi orðið afgreitt án sérstaks fundar eða beðið reglulegs fundar í nefndinni, og ákveða, hverja hjálp nauðsynlegt sé að veita, og skal sú hjálp látin í té af bæjar- eða sveitarsjóði eftir fyrirmælum nefndarinnar.

32. gr.

Framfærslunefnd skal eigi halda sjaldnar fundi en einu sinni í viku. Skal hún þá afgreiða öll þau erindi, er til hennar hafa borizt, og geta hvers einstaks erindis í gerðabók sinni og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið.

Nú þykir styrkþega rétti sínum hallað eða eigi nógu vel fyrir þörfum sínum séð af framfærslunefnd, og má hann þá skjóta máli sínu til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefir fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til yfir- stjórnar framfærslumálanna, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.

33. gr.

Framfærslunefnd er skylt að veita hverjum þeim, sem til hennar leitar, allar upplýsingar og leiðbeiningar, um framfærslumál, eftir því sem í hennar valdi stendur, og sjá um, að framfærsluþurfi fái komið fram réttmætum kröfum sínum eða fengið þann framfærslustyrk, sem honum ber, óskertan.

Hún skal einnig sjá um, að þeir, sem fara þurfa til dvalar á sjúkrahús eða aðra stofnun, fái ábyrgð fyrir dvöl sinni þar frá sveitarfélagi sínu, eða sjúkra- samlagi, nema því sé áður ráðstafað á annan hátt.

34. gr.

Skyt er framfærslunefnd að stuðla að því eftir megni, að fólk þurfi ekki að leita framfærslustyrks, svo sem með því að hvetja það til að sjúkratryggja sig, brýna fyrir því reglusemi, hjálpa því til að komast í atvinnu, benda hreppsnefnd, bæjarstjórn, atvinnubótanefnd eða vinnumiðlunarskrifstofu á, hvar svo bágar séu kringumstæður, að nauðsyn sé fyrir vinnu, koma börnum til sumardvalar á góð sveitaheimili og eiga frumkvæði að öðru því, er í einstökum tilfellum og almennt gæti orðið til þess að forða því frá að þiggja framfærslustyrk.

35. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur setur, að fengnum tillögum framfærslunefndar þar, nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaup- staðnum.

36. gr.

Í hreppum, sem eigi kjósa framfærslunefnd, annast hreppsnefnd fram- kvæmd framfærslumála og gegnir þar skyldum framfærslunefndar samkvæmt lögum þessum, svo sem við á þar.

V. KAFLI

Um tilhögun styrkveitinga.

37. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvorstveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

38. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu styrkþega.

39. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum, eða greiddur þeim í peningum, allt eftir því, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd telur bezt henta. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé, eða sveitarstjórn leggur til, skal vera svo útbúið, að dómi héraðslæknis, að heilsu þeirra, er þar eiga að búa, stafi eigi hætta af.

40. gr.

Nú þarf að ráðstafa framfærsluþurfa, og skal honum þá komið fyrir á góðu heimili, þar sem vel fer um hann, hann látinn fara á sjúkrahús, ef læknir álitur þess þörf, eða honum komið fyrir á vinnuhæli eða framfærslu- eða atvinnustofnun, sem er undir opinherri umsjón.

41. gr.

Nú þurfa foreldrar að leita framfærslustyrks vegna ómegðar sinnar, og má þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd koma börnum þeirra, svo mörgum sem þörf þykir, fyrir á góðum heimilum, hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf samþykki foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema framfærslu og uppeldi barnanna sé áfátt á þann hátt, er segir í 42. gr.

Engu siður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum börnum, er sveitarstjórn annast framfærslu á.

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

42. gr.

Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi eða fara illa með þau, þá skal fátækra- stjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og lögskipaða fræðslu og venjast algengri vinnu. Meðgjöf með slíkum börnum skal talinn framfærslustyrkur, veittur foreldrum eða öðrum lögskyldum framfærslumönnum barnanna, nema hún sé þegar endurgöldin.

43. gr.

Þegar um ráðstafanir er að ræða eftir 41. og 42. gr., skulu þær eigi framkvæmdar fyrr en barnaverndarnefndir í kaupstöðum og skólanefndir í sveit-

um hafa haft málið til meðferðar og reynt að leysa það samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, ef það fellur undir ákvæði þeirra, og skal farið eftir tillögum þeirra að því leyti, sem við verður komið. Hið sama gildir um ráðstöfun fávita og vanþroska unglinga, sem nauðsyn krefur, að hið opinbera ráðstafi eða hafi afskipti af.

44. gr.

Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu líta eftir því, að vel sé farið með alla framfærsluþurfa í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra aðilja misbrestur á því vera, og geti hann eigi með umvöndun komið lögum á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á sveitarstjórn til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

45. gr.

Sveitarstjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir hennar umsjá, séu þannig upp alin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau hafa náð 16 ára aldri.

VI. KAFLI

Um vald sveitarstjórnar yfir styrkþegum.

46. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður valdi sveitarstjórnar að því leyti og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

47. gr.

Fyrir þeginn framfærslustyrk getur sveitarstjórn beiðzt lögtaks eftir fyrir-mælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

48. gr.

Sveitarstjórn getur látið fólgeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkin snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

49. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslustyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni

þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

50. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn og greidd er með venjulegu kaupgjaldi, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangavíðurværi og við skylduvinnu á vinnuhæli ríkisins, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

51. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

52. gr.

Nú vill maður flytja af landi hurt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærslusveit þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans,

er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

53. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknyttu eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setji hann í nauðungarvinnu, með samþykki lög-
reglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af rikissjóði.

VII. KAFLI

Um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslur framfærslustyrks.

54. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilissveit hans.

55. gr.

Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda, atvinnuleysis eða af öðrum orsökum, er dvalarsveitinni skylt að veita þá aðstoð, sem nauðsynleg er til þess að styrkþurfinn fái þá læknishjálp og hjúkrun, sem þarf, eða hann komizt heim til sín, en endurgreiða skal heimilissveitin dvalarsveit þann kostnað að fullu.

56. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó sveitarstjórn heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því eigi stefnt í þá hættu, að hann þurfi aftur á framfærslustyrk að halda.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldrinu, sem er á lífi, ef annað er dáíð, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

Nú nægir eigi úrskurðað föðurmeðlag til þess að greiða kostnað við uppeldi og framfærslu barns, og skal þá telja þann styrk, sem umfram þarf að veita, veittan móður barnsins, sé hún á lífi.

57. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana, báðum fyrir ann-

að og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir einn eða fleiri skylduómaga.

Nú hefir dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns greitt úrskurðað barnsmeðlag samkvæmt ákvæðum þessara laga og sífjalaga, og skal þá heimilissveit barnsföður skylt að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk, veittan barnsföður.

Það sveitarfélag skal inna greiðsluna af hendi, þar sem barnsfaðirinn á lögheimili, þegar greiðslunnar er krafizt.

58. gr.

Skytt er barnsföður að endurgreiða heimilisveit sinni, eða þeirri sveit, er endurgreitt hefir fyrir hann meðlag með barni hans, til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess umkominn, að dómi framfærslunefndar eða hreppsnefndar.

Heimilt er sveitarstjórn að leggja lögald á kaup barnsföður eða aðrar tekjur hans til greiðslu sliakra meðlaga, og má hvort heldur er skylda húshónða hans eða atvinnurekanda þann, er barnsfaðirinn starfar hjá, til þess að halda eftir hluta af mánaðarkaupi mannsins eða allri fúlgunni, er honum ber að greiða.

59. gr.

Þegar dvalarsveit hefir greitt meðlag, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal senda kröfu um endurgreiðsluna til framfærslumálastjóra eða ráðuneytisins. Skal kröfunni fylgja kvittun barnsmóður eða annars framfærslumanns fyrir greiðslunni, afrit af meðlagsúrskurði og lífsvottorð barnsins. Yfirstjórn framfærslumála innheimtir síðan kröfuna hjá heimilisveit barnsföður, með aðstoð lögreglustjóra, ef þörf krefur, og endurgreiðir dvalarsveitinni upphæðina. Þó má sveitarstjórn dvalarsveitar, ef hún telur það hentara, krefja meðlagið beint frá sveitarstjórn heimilissveitar barnsföður.

60. gr.

Nú deyr barnsfaðir, er samkvæmt úrskurði yfirvalds átti að greiða meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, og fellur þá niður skylda heimilissveitar þeirrar, er hann síðast átti, til greiðslu meðlags með barni hans, en móðir barnsins eða framfærslumaður eiga rétt á, að heimilissveit þeirra greiði hið úrskurðaða barnsmeðlag, sem þá telst framfærslustyrkur veittur munaðarlausu barni.

61. gr.

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið eftir dauða barnsföður samkvæmt 60. gr., og fellur þá sjálfkrafa úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af heimilissveit sinni, nema svo sé ástatt, sem segir í 25. gr. 4. mgr. laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

62. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast endurgreiðslu á styrk, veittum af sveitarfé, til að greiða:

1. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum undir 14 ára aldri.
 2. Greftrunarkostnað styrkþega, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.
 3. Fæðingarhjálp, sem barnsföður er ekki skylt að endurgreiða.
 4. Meðlög, sem samkvæmt lögum þessum verða talin veitt munaðarlausum börnum.
 5. Meðlög með börnum ekkna, úrskurðuð af valdsmanni.
 6. Útgjöld vegna úthúnaðar og sendingar harns, sem komið er til dvalar af barnaverndarnefnd eða framfærslunefnd utan heimilissveitar sinnar.
- Allur sá styrkur, sem hér um ræðir, skal þó í bókum sveitarinnar talinn framfærslustyrkur veittur á því ári, sem hann er greiddur úr sveitarsjóði.

63. gr.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd að gefa upp þeginn framfærslustyrk, þegar eitt ár er liðið frá því að styrkþurfa var síðast veittur framfærslustyrkur.

64. gr.

Nú hefir framfærslunefnd eða hreppsnefnd ráðstafað styrkþurfa til dvalar í aðra sveit, með eða án meðgjafar um lengri eða skemmri tíma, og ber þeirri sveit, sem ráðstafaði dvöl hans, þá að annast framfærslu styrkþurfans meðan hann þarf á óslitnu sveitarframlagi að halda.

65. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því hann fluttist til þess sveitarfélags, er hann á heima í, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann rannsaka eftirfarandi atriði:

1. Hvar framfærsluþurfi átti áður heimilissveit.
2. Hvort hann þáði þar framfærslustyrk, og hve mikinn.
3. Hvenær hann síðast þáði framfærslustyrk þar.
4. Hvort sveitarstjórn fyrrv. heimilissveitar hans eða einstakir sveitarstjórnarmenn, eða aðrir áhrifamenn, hafi hvatt styrkþega til að flytja búferlum, lagt fram fé í því skyni eða á annan hátt beint eða óbeint stutt að för hans, svo sem með gjöfum eða samskotum, svo af því megi ætla, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að losa fyrrverandi heimilissveit við verandi eða væntanleg þyngsli vegna styrkþegans eða fjölskyldu hans.
5. Önnur atriði, er sveitarstjórn eða framfærslunefnd telur nauðsynlegt að upplýsa í þessu sambandi.

66. gr.

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit í þeim tilgangi að losa fyrrverandi heimilissveit hans við framfærslu styrkþegans, skal þeirri sveit skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk fyrstu 3 árin, sem styrkþegi dvelur í hinni nýju heimilissveit sinni.

Hið sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp hina tilskildu fyrstu 4 mánuði.

Atvinnumálaráðherra fellir úrskurð í slíkum deilumálum milli sveitarfélaga, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað.

67. gr.

Nú verður sveitarstjórn uppvis að því að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags í því augnamiði að komast hjá að framfæra hann, og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit styrkþegans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit styrkþegans.

VIII. KAFLI

Um jöfnun framfærslukostnaðar.

68. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. marz næsta ár, senda bæjarstjórnir og hreppsnefndir til atvinnumálaráðuneytisins (framfærslumálastjóra) skýrslu yfir framfærslukostnað í kaupstaðnum eða hreppnum umliðið ár og í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

Skýrslunni skal fylgja vottorð, staðfest af bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra um, hve margir menn og konur á aldrinum 18—60 ára eiga heimili í kaupstaðnum eða hreppnum.

69. gr.

Sýslumenn skulu fyrir lok marzmánaðar ár hvert senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt ber að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og tollstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvareandi skýrslur úr umdæmum þeirra.

70. gr.

Framfærsluhéruðum landsins skal skipa í tvo flokka. Eru í öðrum flokknum allir kaupstaðirnir og kauptún þau, er hafa yfir 500 íbúa og sem eru sérstök sveitarfélög, en í hinum flokknum eru öll önnur sveitarfélög.

71. gr.

Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 69. gr., reiknar atvinnumálaráðuneytið út, hver er meðaltalsframfærslukostnaður í hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt, að miða að $\frac{1}{3}$ hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að $\frac{1}{3}$ hluta við skattskyldar tekjur, að $\frac{1}{6}$ hluta við skuldlausar eignir og $\frac{1}{6}$ hluta við fasteignamat.

72. gr.

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærsluútgjalda í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr rikissjóði eins og hér segir:

1. Reykjavík greiðir meðaltalsframfærslukostnað í flokki kaupstaðanna og fær endurgreidda $\frac{2}{3}$ hluta þess, sem fram yfir er.
2. Aðrir kaupstaðir og kauptún í þeim flokki greiða meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki, að frádregnum 10%, og fá endurgreidda $\frac{2}{3}$ þess, sem þar verður fram yfir.
3. Sveitarfélög í öðrum jöfnunarflokki greiða meðaltalsframfærslugjald þess flokks, að frádregnum 10%, og fá endurgreidda $\frac{2}{3}$ þess, sem þar er fram yfir.

- Minni upphæð en 100 krónur greiðist þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

73. gr.

Nú eru skýrslur þær, er um getur í 68. gr., ekki komnar til atvinnumálaráðuneytisins fyrir lok marz mánaðar og skal þá fela sýslumanni eða bæjarfógeta í viðkomandi sýslu eða bæjarfélagi — í Reykjavík tollstjóra — að útvega þær tafarlaust, að viðlögðum dagsektum, ef nauðsyn þykir á vera.

74. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal hafa lokið skiptingu framfærslufjár milli bæjar- og sveitarfélaga í fyrsta flokki eigi síðar en 1. júní og í öðrum flokki eigi síðar en 1. október.

75. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Sannist það á einhverja sveitarstjórn, að hún visvitandi gefi rangar skýrslur eða upplýsingar í þeim tilgangi að öðlast endurgreiðslu frá rikissjóði, missir viðkomandi sveitarfélag rétt til allrar endurgreiðslu úr rikissjóði það ár, auk þeirrar hegningar, sem sveitarstjórnin kann að baka sér með slíku athæfi samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

IX. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

76. gr.

Nú hafa sveitarstjórnir gert samninga sín á milli um framfærslu styrkþega, áður en lög þessi koma til framkvæmda og skulu þeir samningar þá haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði þessara laga.

Um styrkþurfa, sem ráðstafað hefir verið utan sveitar af sveitarstjórn, áður en lög þessi öðlast gildi, skal fara sem segir í 64. gr. þessara laga.

77. gr.

Nú verður ágreiningur milli sveitarfélaga um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá atvinnumálaráðherra skera úr þeim ágreiningi, og verður úrskurði hans ekki áfrýjað til dómstólanna.

78. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1936, og eru frá sama tíma úr gildi felld lög nr. 43 31. maí 1927, fátækralög, og lög nr. 68 23. júní 1932, um breytingu á þeim lögum, svo og önnur ákvæði eldri laga, er brjóta í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðh. Er það samið af tveim mönnum úr tryggingarmálanefnd, og fer greinargerð þeirra fyrir frv. hér á eftir:

Með bréfi atvinnumálaráðherra dags. 31. des. 1934 vorum við undirritaðir ásamt þeim Sigfúsi Sigurhjartarsyni kennara, Þórði Eyjólfssyni prófessor og Brynjólfi Stefánssyni framkvæmdarstjóra skipaðir til þess að undirbúa fyrir næsta Alþingi löggjöf um almennar tryggingar og til þess að gera tillögur til breytinga á núgildandi framfærslulöggjöf. Nefndin skipti með sér störfum þannig, að við sömdum frv. það að framfærslulögum, er hér liggur fyrir, en hinir unnu að tryggingafrumvörpum þeim, sem nú einnig eru fullgerð.

Við komum hingað til Reykjavíkur 18. janúar síðastl. og hófum þá þegar starf okkar og höfum starfað að samningu þessa frv. síðan óslitið, þegar tími okkar hefir leyft frá þingstörfum.

Það er erfiðara verk en margur mun hyggja, að gerbreyta svo framfærslulöggjöfinni sem gert er í þessu frv., því hér er um svo yfirgrípsmikið, vandasamt og viðkvæmt mál að ræða. Hvernig okkur hefir tekizt þetta getum við vitanlega ekki dæmt um sjálfir og væntum því þess, að allir, sem um mál þessi fjalla, athugi þau með gaumgæfni og geri sitt til að fylla í þau skörð, sem við kunnum að hafa skilið eftir.

Við leggjum ekki til, að *framfærsluskyldunni* sé breytt frá því sem nú er heldur haldist áfram eins og hingað til skylda foreldra til að framfæra börn sín, sem eldri eru en 16 ára, og jafnframt, að börn framfæri foreldra sína, ef þau geta það.

Aðalbreytingarnar, sem í frv. felast, eru þessar:

1. Sveitfestitíminn er afdnuminn.
2. Hver maður á framfærslurétt í heimilissveit sinni og öðlast þann rétt strax og hann sezt að í annari sveit.
3. Sveitarflutningar eru afdnumdir.
4. Ríkissjóði er gert að jafna framfærslukostnaðinn eftir ákveðnum reglum.
5. Ekkjur og fráskildar konur njóta samkv. frv. sama eða svipaðs réttar og ógiftar mæður.
6. Nánari ákvæði eru sett um stjórn framfærslumála.

Auk þessa er fjöldi nýrra ákvæða í frv., sem leiðir af þessum aðalbreytingum þess og öðrum.

Við höfum reynt að hafa frv. svo ljóst sem okkur var unnt; væntum við þess, að ekki sé margt í því, sem misskilizt getur. Hitt væri frekar, að einhver ákvæði vanti, því hæglega getur sézt yfir ýmislegt, þegar tíminn er stuttur og slitróttur, sem til þess er ætlaður að vinna að slíku frv. sem þessu.

Á eftir athugasemdunum við hinar einstöku greinar höfum við látið prenta skýrslu um fátækraframfærsluna í landinu 1933, og er hún fyrir margra hluta sakir mjög fróðleg. Nægir að vísa til hennar um ýmislegt það, sem frv. þetta byggist á, og auk þess munum við, er frv. kemur fyrir Alþingi, skýra hina ýmsu kafla þess og ákvæði nánar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um I. kafla.

Þessi kafli svarar til I. kafla núgildandi fátækralaga.

Um 1. gr.

Greinin er samhlj. 1. gr. núgildandi fátækralaga, nema að tvær síðustu málsg. eru hér felldar niður vegna þess, að efni þeirra á heima í köflunum um endurgreiðslu framfærslustyrks og vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar eru samhlj. 2. og 3. gr. núgildandi fátækralaga

Um 4. gr.

Greinin samhljóða 4. gr. núgildandi fátækralaga að öðru en því, að í stað orðanna „enda fylgi þau henni“ er sett „enda hafi hún foreldraráð yfir þeim“ og er með því átt við það, að framfærsluskyldan, þegar svona stendur á, skuli hvíla á stjúpforeldrinu, þó barnið eða börnin séu ekki hjá móður eða föður, heldur dvelji annarsstaðar, þegar hjónaband er stofnað.

Um 5. og 6. gr.

Samhljóða 5. og 6. gr. fátækralaga.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. fátækral. nema að við er bætt síðustu málsgreininni og þarfnast sú viðbót ekki skýringa.

Um 8. gr.

Efnislega samhljóða 17. gr. fátækralaganna.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 18. gr. fátækralaganna og er fyrri málsg. samhlj. þeirri grein að öðru en því, að í frv. er ætlazt til, að úrskurðirnir séu kveðnir upp þar sem framfærsluþurfi á heima, en ekki þar, sem framfærslumaður á heima, eins og nú er í lögum. Síðari málsg. er ný viðbót, sem þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 19. gr. fátækralaganna. 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. þar. Í 2. mgr. er sú breyting gerð í fyrsta lagi, að í stað orðanna „Ef ekki næst á þann hátt fylga sú o. s. frv.“ er í frumv.: Ef ekki er greidd í gjalddaga fylga sú o. s. frv. Í öðru lagi er fellt aftan af núgildandi grein niðurlagið frá orðunum „að því er við verður komið o. s. frv.“ Er þetta gert til þess að tryggja fráskildum og yfirgefnum konum sama rétt og mæðrum óskilgetinna barna. Síðasta málsg. frumv.greinarinnar er ný viðbót, sem leiðir af brottfellingunni og þarfnast tæplega skýringa.

Um 11. gr.

Þessi grein svarar til 8.—17. greinar fátækralaganna og eru hér tekin saman í eina grein. Þó ber þess að gæta, að ákvæðin um iðnaðarmenn verður að fella inn í lögin um iðnaðarnám, verði frumv. það um iðnaðarnám, er nú liggur fyrir Alþingi, eigi samþykkt.

Um II. kafla.

Þessi kafli svarar til II. kafla fátækralaganna.

Um 12. gr.

Ný grein. Í þessari grein felst ein mesta breytingin, sem frv. gerir ráð fyrir. Framfærsluveit hvers manns verður, samkv. frumv., heimilissveit hans án þess menn þurfi „að vinna sér sveit“ með lengri eða skemmri dvöl. Verði frumv. þetta að lögum, er ætlazt til þess, að frá þeim degi, er þau öðlast gildi, eignist hver maður, sem eldri er en 16 ára, framfærslurétt í heimilissveit sinni og það eins þeir, sem áður hafa verið á framfæri annara sveita.

Um 13. gr.

Ný grein. Þarf ekki sérstakra skýringa við, að öðru leyti en því, að nokkur ákvæði úr 24. gr. fátækralaganna eru tekin þar inn. Annars falla úr núgildandi fátækralögum samkv. frumv.gr. þessari og 12 gr. greinarnar 20.—25.

Um 14. gr.

Greinin svarar til 26., 27. og 28. gr. fátækralaganna með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru vegna tveggja undanfarandi greina.

Um 15. gr.

Ný grein. Greinin þarf ekki sérstakra skýringa, en er nauðsynleg til að tryggja rétt barns, sem komið hefir verið í fóstur, bæði gagnvart sveitarstjórn og framfærslumanni, sem ekki er talinn hæfur til að ala barnið upp.

Um 16. gr.

Ný grein. Greinin skýrist af sambandi sínu við næstu greinar á undan.

Um 17.—21. gr.

Þessar greinar svara til 25., 31., 32. og 67. gr. fátækralaganna með smávægilegum breytingum, sem leiðir af ákvæðum þessa kafla laganna.

Um III. kafla.

Nýr kafli.

Um 22.—25. gr.

Nýjar greinar. Hér eru tekin upp í frumvarpið ákvæði, sem tryggja ekkjum svipaðan styrk með börnum sínum og nú hafa mæður óskilgetinna barna. Það getur varla talizt vansalaust, að löggjöfin setji ekkjur og fráskildar konur skör lægra en ógiftar barnsmæður, en það er nú raunverulega svo, því hinar fyrrtöldu eiga það undir mati sveitarstjórna, hvort þær fá hjálp eða ekki, en hinar síðartöldu eiga lagalega kröfu á ákveðnum styrk. Að öðru leyti þurfa greinar þessar ekki sérstakra skýringa við.

Um 26. gr.

Ný grein. Hér er gert ráð fyrir því að meðlagsúrskurðir ekknabarna falli úr gildi, ef ekkjan giftist aftur. Sama er og tilætlunin um fráskildar konur og ógiftar barnsmæður, shr. 60. og 61. gr. frumv. Er þetta gert með tilliti til þess, að þegar barnsmóðirin í öllum þessum tilfellum er gift, þá hefir barn hennar öðlazzt lögskyldan framfærslumann, og verður þá varla gerður munur á lífsaðstöðu þess og hjónabandsbarna.

Um IV. kafla.

Nýr kafli.

Um 27. gr.

Ný grein. Hér er ráðherra heimilað að skipa sérstakan framfærslumálastjóra, sem hafi þá með höndum öll framfærslumál fyrir ráðuneytið, líkt og nú er um heilbrigðismál, fræðslumál, vegamál, vitamál o. fl. Nú hefir sérstakur maður í atvinnumálaráðuneytinu nokkurn hluta þessa starfs með höndum fyrir sérstaka borgun, en nokkur hluti starfsins er hjá Hagstofunni. Með frumv. þessu er auk þess gert ráð fyrir því, að miklu meira af framfærslumálunum fari nú gegnum hendur atvinnumálaráðuneytisins en áður hefir verið, og er því ekki ósennilegt, að það mundi spara nokkurt fé að gera þessa skipun á, auk þess sem öll afgreiðsla mundi þá ganga greiðara. Til sannindamerkis um það, hve sein öll afgreiðsla nú er á framfærslumálunum, má benda á það, að það er fyrst í júní eða júlí 1934, sem skipting fer fram á framfærslufé fyrir 1932, og nú í marz 1935 á framfærslufé 1933, eða meira en ári síðar en sveitarfélögin hafa lagt þetta fé út.

Annars er það aðeins heimild, sem ráðherranum er hér gefin, og mundi vitaskuld ekki verða notuð nema það þætti hagkvæmara fyrir rikissjóð og gang þessara mála.

Um 28.—36. gr.

Nýjar greinar um stjórn og tilhögun framfærslumála. Greinarnar þurfa ekki sérstakra skýringa. Þess má þó geta, að ekki er nauðsynlegt að hajarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn eigi sæti í framfærslunefndum, og væri sennilega bezt að það væri flest eða allt menn utan bajarstjórna og hreppsnefnda. Hugsunin með framfærslunefndum er sú, að þær fyrst og fremst gæti réttar og velferðar styrkþeganna.

Um V. kafla.

Þessi kafli svarar til III. kafla fátækralaganna.

Um 37. og 38. gr.

Greinarnar svara til 33. og 34. gr. fátækralaganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 39. og 40. gr.

Greinarnar svara til 35. gr. fátækralaganna, þó með þeirri breytingu, að heimilað er að leggja matvæli og aðrar nauðsynjar á heimili styrkþega, ef það telst réttara, svo eru hér og einnig sett ákvæði um húsnæði, er styrkþegum er lagt eða fyrir er greitt af opinberu fé.

Um 41. og 42. gr.

Greinarnar svara til 36. og 37. gr. nógildandi fátækralaga og þurfa ekki sérstakra skýringa.

Um 43. gr.

Ný grein. Ákvæði þessarar greinar leiðir af lögum um barnavernd, en að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 44. og 45. gr.

Greinar þessar svara til 38. og 39. gr. nógildandi fátækralaga og þarfnast ekki skýringa. 40. gr. fátækralaganna fellur burtu í frumv., því ákvæði hennar felast raunverulega í VI. kafla frumv.

Um VI. kafla.

Kafli þessi svarar til IV. kafla fátækralaganna.

Um 46. gr.

Greinin svarar til 41. gr. fátækralaganna og þarfnast ekki skýringa, að öðru leyti en því, að samkv. frumv. er ætlað til þess, að menn borgi sveitarskuldir sínar, ef þeir verða þess einhverntíma megnugir, og hér er sleppt úr því ákvæði í fátækralögum, að sveitarstjórn skuli kveða á um það, hvort skuld sé afturkræf eða óafturkræf. Var það sett í lögum 1927 til þess að menn misstu ekki kosningarrétt, þó menn þyrftu að þiggja fátækra styrk, ef kringumstæður þeirra voru mjög bágur, og styrkurinn var veittur vegna elli, sjúkdóms eða ómegðar. Nú hafa allir öðlað þann rétt með breytingu á stjórnarskránni, og sýnist þá ekki þörf á að hafa þau ákvæði lengur, enda munu fæstar sveitarstjórnir hafa fylgt þessu ákvæði laganna.

Um 47.—49. gr.

Greinar þessar svara til 45., 46. og 47. gr. fátækralaganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 50. gr.

Greinin er samhlj. 48. gr. fátækralaganna, að öðru leyti en því, að samkv. nógildandi fátækralögum eiga sveitirnar að bera kostnaðinn af dvöl manna á

vinnuhæli, en í frumv. er ríkissjóði ætlað að bera þann kostnað. Ákvæðið er með öllu þýðingarlaust fyrir sveitarfélögin eins og það er í nágildandi lögum, því það er aðeins aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin að neyta þessarar aðferðar við menn, er þrjókast við að greiða meðlög með börnum sínum eða annað slíkt.

Um 51.—53. gr.

Greinar þessar svara til 49., 50. og 51. gr. fátækralaganna, og eru mjög lítið breyttar. Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um VII. kafla.

Þessi kafli svarar að nokkru leyti til V. kafla fátækralaganna, en þó eru tekin upp í hann ýms ákvæði, sem þar eru ekki, og mörgu sleppt, sem þar er og leiðir af breytingum, sem búið er að gera ráð fyrir áður í frumv. þessu.

Um 54. og 55. gr.

Þessar greinar svara til 52. gr. fátækralaganna. Styrkur sá, sem gert er ráð fyrir í 55. gr., á að endurgreiðast allur af heimilissveit, því þar er aðeins um bráðabirgðahjálp að ræða, sem önnur sveit ábyrgist eða leggur út.

Um 56.—59. gr.

Þessar greinar fjalla allar um endurgreiðslur á veittum framfærslustyrk, sérstaklega barnsmeðlögum, en það verða eftir frumv. einkum þau, sem sveitirnar þurfa eftirleiðis að krefja hver hjá annari. Í 58. gr. er þeim veitt heimild til að festa kaup barnsföður til greiðslu á meðlagi.

Um 60. og 61. gr.

Þessar greinar, sem báðar eru nýjar, stafa af því, að hingað til hafa ógiftar mæður hafið meðlög með börnum sínum eftir dauða barnsföðursins hjá sveit hans. Þennan rétt öðlast nú einnig ekkjur og fráskildar konur. Með þessum ákvæðum breytist þetta svo, að heimilissveit föðursins hættir þessum greiðslum, en heimilissveit móðurinnar innir þær af hendi, meðan þarf, eftir dauða föðursins, og telst þetta engum til skuldar. Giftist hinsvegar barnsmóðirin, fellur réttur hennar til þessara greiðslna úr gildi.

Um 62. gr.

Þessi grein svarar að nokkru til 42. gr. fátækralaganna, en 4 síðustu tölul. er hér bætt við, og þurfa þeir ekki skýringa eða greinin að öðru leyti.

Um 63. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 64. gr.

Hér eru tekin af tvímæli um það, að maður, sem sveitarfélag hefir komið fyrir hjá einhverjum í annari sveit, geti á nokkurn hátt orðið því sveitarfélagi til þyngsla, heldur haldi hann áfram að tilheyra þeirri sveit, er ráðstafaði honum meðan honum er lögð hjálp.

Um 65.—67. gr.

Í greinum þessum felast viðurlög við því, ef sveitarstjórn ætlar að koma af sér styrkþega með því að láta hann flytja í aðra sveit, og þurfa þær ekki nánari skýringa.

Um IX. kafla.

Þessi kafli svarar til fátækralagabreytingarinnar 1932. Þá var það ákveðið, að rikissjóður jafnaði eftir ákveðnum reglum framfærslukostnaðinn, og er því haldið hér.

Um 68. og 69. gr.

Í greinum þessum er mælt fyrir um það, hvernig skýrslum þeim skuli safnað, sem útreikningurinn byggist á, og þurfa þær ekki sérstakra skýringa.

Um 70. gr.

Hér er breytt frá því, sem nú er í lögum, að landinu er skipt í tvö jöfnunarsvæði. Er þetta miklu hagkvæmara fyrir kaupstaði og kauptún, því þau geta skilað mjög fljótt skýrslum sínum, en það vill oft dragast meira en ár, að sumir hreppar sendi skýrslurnar, og tefst þá skiptingin vegna þess.

Um 71. og 72. gr.

Í þessum gr. felst reglan, sem reiknað er eftir, og er hún hin sama og nú gildir, að öðru leyti en því, að samkv. núgildandi lögum þurfa fátækraútgj. að fara 15% eða meira fram úr meðaltali til þess að sveitarfélag fái endurgreiðslu, en hér er því sleppt.

Fyrir 1933 litur þessi útreikningur þannig út eftir núgildandi lögum:

Fátækraframfærslan er samtals kr. 1976361.00.

a. Tala gjaldenda til ellistryktarsjóða samtals	51483.	
b. Skattskyldar tekjur	kr. 37898600.00
c. Skuldlausar eignir	— 117324500.00
d. Skattskyldar fasteigir	— 191457000.00
Samkvæmt þessu kemur þá:		
a. Á hvern gjaldanda	kr. 38.39
b. — hverjar 100 kr. skattsk. tekna	— 5.22
c. — hverjar 100 kr. skuldl. eigna	— 1.68
d. — hverjar 100 kr. fasteignamats	— 1.03

Þessar tölur ber svo að hækka um 15%, og verða þær þá:

a. kr. 44.15 b. kr. 5.99 c. kr. 1.94 d. kr. 1.18

Síðan er a. og b. deilt með 3, en c. og d. með 6, því a. og b. bera $\frac{1}{3}$ hvor og c. og d. $\frac{1}{6}$ hvor, og verður þá útkoman:

a. ($\frac{1}{3}$) =	14.71
b. ($\frac{1}{3}$) =	1.99
c. ($\frac{1}{6}$) =	0.32
d. ($\frac{1}{6}$) =	0.19

Til þess svo að finna, hver á að vera meðaltalsframfærsla hvers hrepps, verður að margfalda tölu gjaldenda í hreppum með a. (14.71), upphæð skatt-

skyldra tekna með b. (1.99), upphæð skuldlausra eigna með c. (0.32) og skattskyldra fasteigna með d. (0.19). Þó eru það aðeins hundruð í hverjum hinna þriggja síðustu liða, sem margfölduð eru. Þegar þetta hefir verið gert og tölurnar lagðar saman, kemur út, hvað sá hreppur eða kaupstaður á að bera í framfærslukostnað án þess að fá endurgreiðslu. Sé nú framfærslukostnaður hrepps meiri en þetta, fær hann endurgreidda úr rikissjóði $\frac{2}{3}$ hluta þess, sem umfram er. Sé hann minni, fær hann ekkert.

Eftir frv. verður reglan eins, nema hvað þetta er þá reiknað út í tvennu lagi, og þá byggt á sömu stofnun í hvorum jöfnunarflokki fyrir sig og sleppt að bæta 15% við. Aftur á móti er gert ráð fyrir því, að frá sveitarfélögum öllum öðrum en Reykjavík verði dregin 10%, þegar meðaltalsgjald þeirra hefir verið fundið, og er það vegna þess gifurlega mismunar, sem er á skattskyldum tekjum og skuldlausum eignum í Reykjavík annarsvegar og öllum sveitarfélögum á landinu hinsvegar, en fólksfjöldi og framfærslukostnaður aftur á móti svipaður.

Um 73.—78. gr.

Þessar greinar þurfa ekki skýringa við.

Fátækraframfærslan 1933.

Nú liggja loks fyrir nokkurnveginn fullkomnar skýrslur um fátækraframfærsluna hér á landi árið 1933. Samkvæmt þeim hefir verið varið til fátækramála í öllu landinu kr. 1 976 361.00 og er það réttum 100 þús. krónum meira en árið 1932.

Alls eru í landinu 8 kaupstaðir og 205 hreppsfélög eða samtals 213 framfærsluhéruð.

Árið 1933 eru íbúar á öllu landinu taldir vera 113366, og nema því bein fátækraútgjöld tæpum 18 krónum á hvern íbúa

Sex hreppar hafa enga fátækraframfærslu, þ. e.: Skilmannahreppur í Borgarfirði, Hvamshreppur í Dalasýslu, Óspakseyrarhreppur í Strandasýslu, Rípurhreppur í Skagafirði, Borgarhafnarhreppur í Austur-Skaftafellssýslu og Þingvallahreppur í Árnessýslu. Hæsta fátækraframfærslu, miðað við íbúafjölda, hefir Grunnavíkurhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu, eða 50 krónur á mann.

Af kaupstöðunum hefir Ísafjörður hæstan framfærslukostnað, koma þar 35 kr. á íbúa. Þá eru Vestmannaeyjar með 30 kr., Reykjavík með 25 kr., Hafnarfjörður með 23 kr., Seyðisfjörður og Norðfjörður með 20 kr., Akureyri með 18 kr. og lægstan framfærslukostnað af kaupstöðum hefir Siglufjörður, sem er með 16 krónur á íbúa.

Samtals nemur fátækraframfærsla allra kaupstaðanna (8) kr. 1 201 028.00 en sýslanna (23) kr. 775 332.00.

Alls eru íbúar kaupstaðanna 50136 en íbúar sýslufélaga 63230.

Nemur því fátækraframfærslan í kaupstöðum tæpum 24 krónum á íbúa, en rúmum 12 krónum í sýslunum.

Mjög er framfærslukostnaður mismunandi í hreppum innan sama sýslu-

félags og kaupstöðum með svipaðan íbúafjölda og lík atvinnuskilyrði. Nægir þar að benda á Ísafjörð og Siglufjörð. Hefir Ísafjörður 2576 íbúa og 91000 kr. framfærslukostnað, en Siglufjörður, sem hefir 2330 íbúa, hefir ekki nema 37000 kr. í framfærslukostnað.

Grunnavíkurhreppur hefir 253 íbúa, og 12622 kr. í framfærsluútgjöld, en Sléttuhreppur í sömu sýslu, sem þó er helmingi fólksfleiri, hefir aðeins 3003 kr. í framfærsluútgjöld.

Fer hér á eftir yfirlit yfir framfærsluútgjöld bæjar- og sýslufélaga 1932 og 1933.

Tafla I. Fátækraútgjöld bæjar- og sýslufélaga.

<i>Kaupstaðir</i>	1932	1933
Reykjavík	733326	776721
Hafnarfjörður	80787	73908
Ísafjörður	82117	91007
Siglufjörður	36894	37071
Akureyri	77139	75071
Seyðisfjörður	20647	19153
Neskaupstaður	33861	21728
Vestmannaeyjar	83193	106399
	1147964	1201028
<i>Sýslur</i>		
Gullbringusýsla	79441	87299
Kjósarsýsla	24580	19595
Borgarfjarðarsýsla	39114	32179
Mýrasýsla	14422	11686
Snæfellsnessýsla	54206	48845
Dalásýsla	15088	20065
Austur-Barðastrandarsýsla	9518	10491
Vestur-Barðastrandarsýsla	21653	21375
Vestur-Ísafjarðarsýsla	22371	19587
Norður-Ísafjarðarsýsla	68731	60653
Strandasýsla	13757	13669
Vestur-Húnavatnssýsla	14876	23028
Austur-Húnavatnssýsla	22770	19431
Skagafjarðarsýsla	32006	35092
Eyjafjarðarsýsla	58982	52489
Suður-Þingeyjarsýsla	31724	37397
Norður-Þingeyjarsýsla	16586	13873
Norður-Múlasýsla	34107	47071
Suður-Múlasýsla	66198	80364
Austur-Skaftafellssýsla	3378	3270
Vestur-Skaftafellssýsla	10401	12512
Rangárvallasýsla	25429	35445
Arnessýsla	52657	69917
	731995	775333
Allt landið	1879959	1976361

Af yfirliti þessu sést, að í 4 kaupstaðanna hefir framfærslukostnaðurinn hækkað frá 1932, og er hækkingin hlutfallslega mest í Vestmannaeyjum, eða

um ca. 30%. En í hinum fjórum hefir framfærslukostnaðurinn lækkað, og er lækkunin mest í Neskaupstað, eða um 30%.

Af sýslufélögunum hafa 11 hærri framfærslu 1933 en 1932, en 12 hafa lægra.

Mjög er erfitt að greina sundur, hvernig framfærslan skiptist í gamalmenna-styrk, sjúkrahjálp og beina fátækrahjálp. Í kaupstöðunum hafa 318 gamalmenni notið styrks og er styrkur til þeirra samtals 220764 kr.

Í sýslunum eru tilgreind 336 gamalmenni, er styrks njóta, en ekki er tala þeirra alstaðar tilgreind, svo þau munu vera nokkru fleiri.

Sjúkrastyrkur í kaupstöðunum er talinn vera samtals 151616 kr. og sjúklingar, er styrks njóta, 399 samtals. Í sveitum er þetta mjög ógreinilega tilgreint og víða alls ekki gerður munur á styrk veittum vegna veikinda og öðrum fátækra-styrk.

Fer hér á eftir sundurliðun á þessu í kaupstöðunum, þó er upphæðin til gamalmenna í Reykjavík ekki nákvæm.

Tafla II. Styrkur til gamalmenna yfir 60 ára og sjúklinga í kaupstöðum 1933.

Nöfn	Gamalmennast.		Sjúkrastyrkur		Gamalm. og sjúkrast. samtals kr.	Fátækra-útgjöld samtals kr.
	Tala styrkþ.	Styrk- upp- hæð kr.	Tala styrkþ.	Styrk- upp- hæð kr.		
Reykjavík	174	125000	158	84710	209710	776721
Hafnarfjörður	32	19324	61	8615	27939	73908
Ísafjörður	31	23770	13	8827	32597	91007
Siglufjörður	6	7147	21	5230	12377	37071
Akureyri	31	17049	24	12795	29844	75041
Seyðisfjörður	12	6133	5	2090	8223	19153
Neskaupstaður	10	8505	22	3897	12402	21728
Vestmannaeyjar	22	13338	95	25452	38790	106399

Með breytingu fátækralaganna 1932 var rikissjóði gert að skyldu að jafna nokkuð fátækraframfærsluna í landinu. Skyldi það gert á þann hátt, að reikna út meðaltalsframfærslu alls landsins og skyldi miða við tölu verkfærra manna og kvenna, að $\frac{1}{3}$ hluta, skattskyldar tekjur að $\frac{1}{3}$ hluta, skuldlausar eignir að $\frac{1}{6}$ og fasteignamat að $\frac{1}{6}$. Skyldi síðan leggja þessa reglu til grundvallar í hverjum hreppi og kaupstað og finna þannig hvað bæri að endurgreiða.

Fór fyrsta endurgreiðsla úr rikissjóði fram 1934 og var miðuð við framfærsluna 1932. Fer hér á eftir skýrsla um þá endurgreiðslu.

Nú er og lokið skiptingu framfærslufjár úr rikissjóði fyrir árið 1933 og birtist hér skýrsla Hagstofunnar um útreikning og úthlutun þess fyrir hvern kaupstað og hrepp í landinu.

Tafla III. Fátækraframtæri 1932. Tillag úr ríkissjóði til sveitarfélaga.

<i>Kaupstaðir</i>		<i>Strandasýsla</i>	
Hafnarfjarðarkaupstaður	2271 kr.	Árneshreppur	1699 kr.
Ísafjarðarkaupstaður	21396 —	Samtals	1699 kr.
Seyðisfjarðarkaupstaður	479 —	<i>Vestur-Húnavatnssýsla</i>	
Neskaupstaður	9881 —	Staðarhreppur	1375 kr.
Vestmannaeyjakaupstaður	9815 —	Pverárhreppur	676 —
Kaupstaðir samtals	43842 kr.	Samtals	2031 kr.
<i>Gullbringusýsla</i>		<i>Austur-Húnavatnssýsla</i>	
Grindavíkurhreppur	2093 kr.	Torfalækjarhreppur	2436 kr.
Hafnahreppur	653 —	Blönduóshreppur	1218 —
Miðneshreppur	1739 —	Samtals	3654 kr.
Gerðahreppur	7179 —	<i>Skagafjarðarsýsla</i>	
Keflavíkurhreppur	5401 —	Hofshreppur	444 kr.
Vatnsleysustrandarhreppur	8591 —	Samtals	444 kr.
Garðahreppur	1165 —	<i>Eyjafjarðarsýsla</i>	
Bessastaðahreppur	3468 —	Grimseyjarhreppur	292 kr.
Samtals	30289 kr.	Skriðuhreppur	5301 —
<i>Borgarfjarðarsýsla</i>		Öxnadalshreppur	1835 —
Innri-Akraneshreppur	576 kr.	Glæsibæjarhreppur	2065 —
Ytri-Akraneshreppur	2983 —	Samtals	9493 kr.
Samtals	3559 kr.	<i>Norður-Múlasýsla</i>	
<i>Snæfellsnessýsla</i>		Vopnafjarðarhreppur	4374 kr.
Miklaholtshreppur	1327 kr.	Jökuldalshreppur	693 —
Ólafsvíkurhreppur	7999 —	Hjaltastaðahreppur	642 —
Eyrarsveit	1392 —	Lodmundarfjarðarhreppur	1018 —
Stykkishólshreppur	5408 —	Samtals	6727 kr.
Helgafellssveit	1779 —	<i>Suður-Múlasýsla</i>	
Samtals	17905 kr.	Eiðahreppur	763 kr.
<i>Dalasýsla</i>		Mjóafjarðarhreppur	1101 —
Laxárdalshreppur	363 kr.	Norðfjarðarhreppur	4412 —
Saurbæjarhreppur	1493 —	Helgustaðahreppur	800 —
Samtals	1856 kr.	Eskifjarðarhreppur	3723 —
<i>Austur-Barðastrandarsýsla</i>		Fáskrúðsfjarðarhreppur	1539 —
Gufudalshreppur	221 kr.	Búðahreppur	371 —
Flateyjarhreppur	950 —	Breiðdalshreppur	843 —
Samtals	1171 kr.	Geithellnahreppur	544 —
<i>Vestur-Barðastrandarsýsla</i>		Samtals	14096 kr.
Barðastrandarhreppur	1943 kr.	<i>Vestur-Skaftafellssýsla</i>	
Rauðasandshreppur	105 —	Skaftártunguhreppur	128 kr.
Samtals	2048 kr.	Dyrhólahreppur	466 —
<i>Vestur-Ísafjarðarsýsla</i>		Samtals	594 kr.
Auðkúluhreppur	2387 kr.	<i>Rangárvallasýsla</i>	
Mýrahreppur	1391 —	Ásahreppur	791 kr.
Samtals	3778 kr.	Samtals	791 kr.
<i>Norður-Ísafjarðarsýsla</i>		<i>Árnessýsla</i>	
Hólshreppur	1547 kr.	Stökkseyrarhreppur	2561 kr.
Eyrarhreppur	3931 —	Eyrarbyggjahreppur	3583 —
Súðavíkurhreppur	5797 —	Skeiðahreppur	418 —
Reykjarfjarðarhreppur	323 —	Selvogshreppur	674 —
Snæfjallahreppur	789 —	Samtals	7236 kr.
Grunnavíkurhreppur	6221 —	Kaupstaðir samtals	43842 kr.
Sléttuhreppur	2056 —	Sýslur	128035 —
Samtals	20664 kr.	Allt landið	171877 kr

Tafla IV. Skipting fátækraframfærslunnar 1933.

	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj. gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Fátækraþyrði ársins	Meðal fátækraþyrði + 15%	Tillag úr ríkis-sjóði 1933	Tillag úr ríkis-sjóði skv. 72. gr.
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	
I. Kaupstaðir									
Reykjavík	31689	15137	24859550	60671000	787189	776721	1071528	„	„
Hafnarfjörður	3748	1518	1499500	3278200	82564	73908	79251	„	8200
Ísafjörður	2576	1077	934400	2015100	53994	91007	51728	26186	33555
Siglufjörður	2330	1082	931500	1935900	71293	37071	54913	„	„
Akureyri	4243	1753	1825600	7265400	99696	75041	105498	„	„
Seyðisfjörður	990	447	306400	831900	25497	19153	20438	„	1873
Neskaupstaður	1098	504	326250	1136700	15782	21728	20736	661	3371
Vestmannaeyjar	3462	1540	839900	4299700	83015	106399	69778	24414	33423
Samtals	50136	23058	31523100	81433900	1219030	1201028	1473870	51261	80422
II. Hreppar									
<i>Gullbringusýsla</i>									
Grindavíkur	531	223	114000	389200	5047	9195	7817	919	790
Hafna	148	80	44500	164000	1409	3124	2876	165	71
Miðnes	512	198	88500	190800	7195	12610	6724	3924	4002
Gerða	393	157	42450	77000	3959	13088	4192	5931	6275
Keflavíkur *)	1072	456	243950	683100	19210	23443	17597	3897	6029
Vatnsleysustrandar	338	107	38750	155600	4128	12456	3670	5857	6027
Garða	214	103	69250	180000	4750	7143	4421	1815	1612
Bessastaða	159	50	48000	307900	3678	6240	3619	1747	1680
Samtals	3367	1374	689400	2147600	49376	87299	50916	24255	26486
<i>Kjósarsýsla</i>									
Seltjarnarnes	512	234	237500	959700	14272	12669	14118	„	„
Mosfells	383	205	183700	395200	12041	4114	10349	„	„
Kjalarnes	199	112	57400	380000	5790	245	5168	„	„
Kjósar	314	169	52050	432300	5440	2567	6000	„	„
Samtals	1408	720	530650	2167200	37543	19595	35635	„	„
<i>Borgarfjarðarsýsla</i>									
Strandar	173	80	8950	101300	2494	2166	2177	„	345
Skilmanna	100	47	5900	38900	1459	„	1225	„	„
Innri-Akranes	158	73	5300	57800	2110	2842	1785	705	21
Ytri-Akranes *)	1488	659	365750	940600	18851	21548	23720	„	1365
Leirár og Mela	136	73	8750	95100	2491	1237	2049	„	„
Andakils	183	92	30450	376500	5923	1706	4352	„	„
Skorradals	124	64	5500	137100	1773	1250	1846	„	„
Lundarreykjadalss	118	67	4300	106900	1705	550	1755	„	„
Reykholtsdals	195	97	31100	376400	3047	580	3868	„	„
Halsa	114	41	5350	156700	1318	300	1477	„	„
Samtals	2789	1293	471350	2387300	41171	32179	44254	705	1731

Ath. Þeir hreppar í þessari töflu, sem merktir eru með *), tilheyra jöfnunarflokki kaupstaðanna samkv. 70. gr. frumvarpsins.

Tafla IV. Skipting fátækraframslunnar 1933 (frh.).

	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj. gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Fátækraþyrði ársins	Meðal fátækraþyrði + 15%	Tillag úr ríkissjóði 1933	Tillag úr ríkissjóði skv. 72. gr.
			kr.	kr.	hndr.	kr.	kr.	kr.	kr.
<i>Mýrasýsla</i>									
Hvítársíðu	125	63	6600	157200	2122	1373	1987	»	»
Þverárhliðar	111	65	7500	192100	1901	1098	2103	»	»
Norðurárdals	144	77	9150	90400	1971	1584	2003	»	»
Stafholtstungna	251	131	23600	358500	4026	1363	4355	»	»
Borgar	264	130	17550	276100	4799	2510	4106	»	»
Borgarnes	462	244	79600	347500	6934	1298	7677	»	»
Alftanes	173	88	9450	202500	3465	1129	2824	»	»
Hraun	236	124	9900	115800	3453	1331	3081	»	»
Samtals	1766	922	163350	1740100	28671	11686	28136	»	»
<i>Snæfellsnessýsla</i>									
Kolbeinsstaða	216	106	4400	70200	2531	1480	2376	»	»
Eyja	100	49	2350	56400	1533	654	1254	»	»
Miklaholts	167	64	11250	96700	1673	1641	1809	»	115
Staðarsveit	263	114	8400	76700	2345	340	2558	»	»
Breiðuvíkur	259	104	10950	46600	1505	3793	2198	1063	1473
Nes utan Ennis*)	629	232	26900	70300	4624	3354	5095	»	»
Olafsvíkur	456	137	23000	113000	2976	12640	3430	6140	6632
Fróðár	135	50	1900	14900	872	1493	995	332	572
Eyrarsveit	410	163	28850	61000	2359	4183	3640	362	858
Helgafellssveit	208	89	3000	26900	2009	4393	1855	1692	2134
Stykkishólms*)	620	257	93600	270300	8073	14447	8124	4195	5043
Skógarstrandar	194	105	13600	90600	2366	427	2578	»	»
Samtals	3657	1470	228200	993600	32866	48845	35912	13784	16827
<i>Dalasýsla</i>									
Hörðudals	134	65	7950	141300	1386	674	1866	»	»
Miðdala	240	141	12200	102300	2179	1723	3080	»	»
Haukadals	153	66	5150	81100	1009	300	1536	»	»
Laxárdals	259	133	24850	182000	3112	6418	3654	1843	2286
Hvammis	167	86	24250	189300	1396	»	2638	»	»
Fellsstrandar	158	79	6050	63000	1651	2283	1814	313	668
Klofnings	96	41	8300	24100	1338	734	1112	»	»
Skarðs	129	59	3500	83300	1641	1449	1532	»	238
Saurbæjar	247	111	6050	42800	2397	6484	2367	2745	3267
Samtals	1583	781	98300	909200	16109	20065	19599	4901	6479
<i>Austur-Barðastrandarsýsla</i>									
Geiradals	98	47	3050	100200	994	1033	1274	»	71
Reykhóla	259	117	14250	43500	1844	920	2513	»	»
Gufudals	152	56	1850	8500	767	1449	1040	273	539
Múla	117	53	2200	16200	822	425	1039	»	»
Flateyjar	318	140	43650	215700	3212	6664	4266	1599	1854
Samtals	944	413	65000	384100	7639	10491	10132	1872	2464

Tafla IV. Skipting fátækraframfærslunnar 1933 (frh.).

	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj. gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Fátækraþyrði ársins	Meðal fátækraþyrði + 13 ⁰ 0	Tillag úr ríkissjóði 1933	Tillag úr ríkissjóði skv. 72. gr.
			kr.	kr.	hðr.	kr.	kr.	kr.	kr.
<i>Vestur-Barðastrandarsýsla</i>									
Barðastrandar	329	120	12100	70300	1484	1514	2648		
Rauðasands	337	145	13900	90200	2085	2378	3116		97
Patreks*)	657	281	152350	413100	7419	8525	9983		159
Tálknafjarðar	249	100	5750	14800	1363	1477	3939		
Dala	200	81	12000	45600	1259	1024	1828		
Suðurfjarða	442	210	48250	163300	4293	6457	5432	683	1232
Samtals	2214	937	244350	797300	17903	21375	26946	683	1488
<i>Vestur-Ísafjarðarsýsla</i>									
Auðkúlu	203	83	4600	33800	1306	4989	1681	2205	2582
Píngeyrar	749	332	124650	336600	7115	5566	9874		
Mýra	339	150	32550	74700	1854	2519	3466		
Mosvalla	281	129	16450	33500	1971	1480	2725		
Flateyrar	492	211	75500	94400	7389	1493	6382		
Suðureyrar	463	208	52100	107400	3959	3540	5233		
Samtals	2527	1113	305850	680400	23594	19587	29361	2205	2482
<i>Norður-Ísafjarðarsýsla</i>									
Hóls*)	797	324	110250	213700	7345	15579	9116	4309	5151
Eyrar	555	225	120300	314500	7072	11929	8132	2531	2375
Suðavíkur	444	194	95400	136700	4987	9509	6191	2212	2092
Ögur	260	128	20950	238200	2231	3691	3514	118	571
Reykjafjarðar	160	76	4350	115100	2255	1591	2023		97
Nauteyrar	186	79	8550	99300	2669	1356	2183		
Snæfjalla	146	54	4100	76200	1742	1373	1468		200
Grunnavíkur	253	94	1950	19500	1106	12622	1704	7279	7735
Sléttu	501	219	16400	192900	4385	3003	5042		
Samtals	3302	1393	382250	1406100	33792	60653	39373	16449	18221
<i>Strandasýsla</i>									
Árnes	453	178	10650	57200	3054	3722	3622		872
Kaldrananes	377	140	2550	77200	2328	3404	2821	389	1095
Hrófbergs	404	109	22350	302800	2901	783	3603		
Kirkjubóls	161	65	1850	25900	1038	977	1419		115
Fells	107	54	1800	67800	1142	1325	1276		308
Óspakseyrar	104	49	1950	67600	803		1137		
Bæjar	320	137	28600	137300	2758	3458	3577		317
Samtals	1926	732	69750	735800	14024	13669	17455	389	2707
<i>Vestur-Húnavatnssýsla</i>									
Staðar	155	119	7300	18000	1357	3883	2224	1106	1621
Fremri-Torfustaða	216	119	7400	120100	1783	698	2640		
Ytri-Torfustaða	225	263	12350	187800	2446	2522	5208		
Kirkjubammis	523	123	41550	365400	4194	7812	4651	2107	2350
Pverár	269	100	10800	139600	2443	6335	2623	2475	2905
Þorkelshóls	282	77	6000	131600	2068	1778	2087		160
Samtals	1670	801	85400	962500	14291	23028	19433	5688	7036

Tafla IV. Skipting fátækraframslunnar 1933 (frh.).

	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj. gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Fátækraþyrði ársins	Meðal fátækraþyrði + 15%	Tillag úr ríkissjóði 1933	Tillag úr ríkissjóði skv. 72. gr.
			kr.	kr.	hdr.	kr.	kr.	kr.	kr.
<i>Austur-Húnavatnssýsla</i>									
Ás	217	99	9000	219100	2627	1655	2865	»	»
Sveinsstaða	177	87	15350	129200	2384	1628	2476	»	793
Torfalækjar	167	73	4750	156100	1736	2666	2017	433	»
Blönduós	283	109	32050	253400	2909	3287	3639	»	12
Svínavatns	218	126	12800	195500	2121	2015	3161	»	»
Bólstaðarhlíðar	252	126	11850	244100	2664	1869	3406	»	»
Engihlíðar	262	127	28550	283000	3157	789	3155	»	»
Vindhælis	666	306	28950	253600	5133	5522	6917	»	346
Samtals	2242	1053	143300	1734000	22731	19431	27636	433	1149
<i>Skagafjarðarsýsla</i>									
Skefilsstaða	165	78	10150	119200	1814	3278	2095	789	1104
Skarðs	130	67	4900	25700	1373	729	1439	»	»
Sauðárkróks*)	837	324	91500	618200	8233	13233	10224	2007	3019
Staða	185	81	7500	97900	1993	150	2053	»	»
Seylu	256	135	13800	170900	2709	776	3351	»	»
Lýtingsstaða	374	177	25000	322200	3899	1146	4918	»	»
Akra	426	171	11700	210300	3908	3450	4203	»	152
Rípur	120	57	8000	149100	1371	»	1752	»	»
Viðvíkur	167	78	15100	205700	1653	403	2441	»	»
Hóla	166	85	12250	140800	1534	634	2256	»	»
Hofs	579	244	20750	184100	3653	6146	5325	547	1581
Fells	117	56	1300	44500	1064	1631	1205	284	570
Haganes	226	92	5100	52100	1487	1552	1918	»	178
Hólts	215	98	6250	»	2099	1964	1983	»	431
Samtals	3963	1743	233300	2340700	36790	35092	45163	3627	7035
<i>Eyjafjarðarsýsla</i>									
Grimseyjar	115	48	5700	15700	763	1595	1022	382	564
Olafsfjarðar*)	809	341	97750	425900	6850	6349	9704	»	»
Svarfaðardals	1077	434	103750	657600	9062	2705	12379	»	»
Hriseyjar	361	170	67850	196100	4168	1195	5316	»	»
Árskógs	312	151	23850	32400	1701	2311	3141	»	»
Arnarnes	428	200	30050	267600	4526	3668	5304	»	»
Skriðu	176	69	4950	116400	1863	1670	1956	»	150
Oxnadals	130	57	8750	61800	1374	5976	1486	2993	3242
Glæsibæjar	795	312	67050	543000	9115	14660	9490	3447	4457
Hrafnagils	256	134	36000	438500	3878	3514	4875	»	»
Šaurbæjar	439	191	16250	173500	4280	4797	4543	169	1009
Öngulsstaða	406	195	64000	698100	6652	4049	7721	»	»
Samtals	5304	2302	525950	3656600	54232	52489	66937	6991	9402
<i>Suður-Pingeyjarsýsla</i>									
Svalbarðsstrandar	242	117	17500	145100	3859	2188	3305	»	»
Grýtubakka	525	245	74650	193000	4849	4345	6680	»	»
Flateyjar	140	50	13650	20000	1104	837	1293	»	»
Háls	280	157	19400	78200	2238	2303	3394	»	»
Ljósavatns	304	131	10200	59300	2303	1389	2780	»	»
Bárðdæla	191	107	5200	149900	2190	1666	2597	»	»

Tafla IV. Skipting fátækraframfærslunnar 1933 (frh.).

	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj. gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldlausar eignir	Fasteignamat	Fátækraþyrði ársins	Meðal fátækra- þyrði + 15%	Tillag úr ríkis- sjóði 1933	Tillag úr ríkis- sjóði skv. 72. gr.
			kr.	kr.	hdr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Suður-Pingeyjarsýsla (frh.)									
Skútustaða	375	173	14750	276500	2730	2233	4275	„	„
Reykðæla	389	195	24000	152600	3331	3754	4503	„	217
Aðaldæla	390	160	23300	148000	2865	2064	3866	„	„
Reykja	109	64	7950	132600	1720	1624	1890	„	111
Húsavíkur*)	908	459	120100	640100	14585	13370	14112	„	841
Tjörnes	148	64	6500	46200	1254	1624	1469	103	369
Samtals	4001	1922	337200	2041500	43028	37397	50164	103	1568
<i>Norður-Pingeyjarsýsla</i>									
Keldunes	222	114	7150	69400	2343	480	2509	„	„
Óxarfjarðar	200	96	9500	77100	2106	120	2269	„	„
Fjalla	64	28	8600	42200	558	87	830	„	„
Presthóla	553	224	24750	608700	6709	3811	7085	„	„
Svalbarðs	261	108	4500	52300	1849	518	2214	„	„
Sauðanes	521	243	46800	203900	6850	8857	6527	1487	2345
Samtals	1821	813	101300	1053600	20415	13873	21434	1487	2345
<i>Norður-Múlasýsla</i>									
Skeggjastaða	280	114	20500	97700	2994	7156	2997	2773	3098
Vopnafjarðar	768	305	62800	226700	6634	15779	7789	5327	6217
Jökuldals	213	111	28250	99800	2089	3942	2934	672	928
Hlíðar	149	71	11400	6300	1177	1775	1526	166	397
Tungu	208	97	16950	101500	2382	1567	2566	„	„
Fella	199	100	18100	193300	2366	500	2926	„	„
Fljótsdals	247	133	18750	171900	2257	3514	3334	120	613
Hjaltastaðar	190	88	17250	„	1759	4051	1988	1375	1629
Borgarfjarðar	302	122	23050	60500	3364	4481	3117	909	1304
Lodmundarfjarðar	73	24	1800	20300	736	1840	601	826	940
Seyðisfjarðar	184	83	24250	238500	2567	2319	2984	„	„
Samtals	2813	1248	243100	1216500	28325	47071	32762	12168	15126
<i>Suður-Múlasýsla</i>									
Skríðdals	147	61	5800	45500	1078	4631	1374	2171	2426
Valla	227	112	28100	156500	2794	742	3268	„	„
Eiða	182	86	22650	60000	1485	2273	2207	„	228
Mjóafjarðar	186	101	23800	95500	1806	5026	2628	1599	1846
Norðfjarðar	224	99	13750	36800	1743	12934	2196	7159	7515
Helgustaða	212	94	8950	67700	1433	1680	2065	„	131
Eskifjarðar*)	736	332	107450	176900	9411	22196	9468	8485	9352
Reyðarfjarðar	464	215	41550	266500	5556	5866	5956	„	642
Fáskrúðsfjarðar	365	125	7500	42600	3276	8420	2777	3791	4354
Búða*)	611	260	64550	231800	8839	7246	7615	„	431
Stöðvar	170	76	8950	83900	1563	1429	1877	„	2
Breiðdals	330	133	8500	118300	2583	3175	3020	103	717
Berunes	146	72	2150	86800	1065	1585	1594	„	354
Geithellna	438	172	28800	318100	5120	3161	5148	„	„
Samtals	4438	1938	372500	1786900	47752	80364	51193	23308	27998

Tafla IV. Skipting fátækraframfærslunnar 1933 (frh.).

	Mannfjöldi	Ellistyrktarsj- gjaldendur	Skattskyldar tekjur	Skuldausar eignir	Fasteignamat	Fátækraþyrði ársins	Meðal fátækra- þyrði + 15 ^o / _o	Tillag úr ríkis- sjóði 1933	Tillag úr ríkis- sjóði skv. 72. gr.
			kr.	kr.	hndr.	kr.	kr.	kr.	kr.
<i>Austur-Skaftafellssýsla</i>									
Bæjar	194	104	3100	126200	1726	400	2342	»	»
Nesja	393	193	33600	208100	6576	970	4015	»	»
Mýra	192	89	4100	60800	1226	1420	1830	»	142
Borgarhafnar	182	95	4400	81900	1131	»	1975	»	»
Hofs	187	81	2000	106900	1413	480	1857	»	»
Samtals	1148	562	47200	583900	12072	3270	12019	»	142
<i>Vestur-Skaftafellssýsla</i>									
Hörgslands	283	141	14700	174200	2065	2645	3341	»	111
Kirkjubæjar	224	113	28600	179700	2179	925	3246	»	»
Leiðvalla	249	108	11150	41100	945	354	2132	»	»
Alftavers	107	47	7850	26500	645	23	1063	»	»
Skaftártungu	104	55	6350	42500	815	1220	1234	»	204
Hvammis	537	261	76800	385800	4729	3288	7558	»	»
Dyrhóla	262	103	25850	91800	2065	4057	2739	879	2125
Samtals	1766	828	171300	941600	13443	12512	21313	879	1440
<i>Rangárvallasýsla</i>									
Austur-Eyjafljalla	308	161	25050	159400	2400	3140	3860	»	46
Vestur-Eyjafljalla	486	216	17600	132000	3161	2268	4583	»	»
Austur-Landeyja	346	169	22800	180500	2896	2792	4099	»	»
Vestur-Landeyja	312	139	9800	145200	2439	2211	3194	»	»
Fljótshlíðar	404	195	47600	214200	3984	7041	5303	1159	1646
Hvol	230	114	22750	182700	1959	1528	3111	»	»
Rangárvalla	324	156	23750	206400	2964	3822	4025	»	430
Landmanna	258	121	18550	331200	1794	866	3577	»	»
Holta	315	166	31650	205700	2415	2171	4218	»	»
Asa	607	282	54550	246000	4655	9642	6957	1790	2530
Samtals	3590	1719	274100	2003300	28667	35445	42927	2949	4752
<i>Árnessýsla</i>									
Gaulverjabæjar	359	146	15000	151000	3626	2533	4108	»	»
Stokkseyrar	644	289	51950	288400	6133	14037	7437	4400	5347
Eyrarbakka *)	602	265	110900	255800	6787	14777	8287	4327	5193
Sandvíkur	270	136	87500	453200	6314	1687	6464	»	»
Hraungerðis	266	133	40650	258500	6697	1750	4931	»	»
Villingahólts	291	135	21650	211700	3932	5927	3883	1363	1878
Skeiða	287	118	12550	70900	3213	2995	2852	»	596
Gnúpverja	227	122	17750	106200	3643	1719	3214	»	»
Hrunamanna	397	205	31600	288700	4784	8579	5529	2033	2793
Biskupstungna	410	199	51200	240700	4915	3556	5771	»	»
Laugardals	177	81	34200	67200	1868	1142	2461	»	»
Grimsnæs	339	165	40000	219000	5300	2074	4984	»	»
Pingvalla	100	57	12650	83900	2698	»	1897	»	»
Grafnings	75	36	2650	28000	1295	567	929	»	»
Ólfus	450	218	58750	447700	8962	6172	7602	»	»
Selvogs	97	43	3400	49900	939	2402	1048	903	1098
Samtals	4991	2348	592400	3220800	71106	69917	71397	13026	16905
Sýslur samtals	63230	28425	6375500	35890600	695540	775333	800097	135505	173080
Allt landið	113366	51483	37898600	117324500	1914570	1976361	2273967	187166	253507

Við athugun þessarar skýrslu verður það strax augljóst, hversu geysilegur munur er á möguleikum hinna ýmsu bæjar- og hreppsfélaga til þess að bera byrðarnar.

Í Reykjavík eru skattskyldar tekjur samtals 24,8 millj. króna, eða 785 kr. á hvern íbúa. Þar eru skuldlausar eignir 60,6 millj. króna eða 1915 kr. á hvern íbúa, og fasteignamat er þar 78,7 millj. kr. Íbúatala Reykjavíkur er 31689 þetta ár, og fátækraútgjöld 777 þús. kr.

Í kaupstöðum og kauptúnum eru skattskyldar tekjur samtals 8,2 millj. kr. eða 293 krónur á íbúa. Skuldlausar eignir eru þar 25,6 millj. eða ca. 910 krónur á íbúa. Fasteignamat 53,2 millj. Íbúafjöldi kaupstaða og kauptúna með 500 íb. og fleiri er 28168, en samtals framfærslukostnaður 588 þús. kr.

Í hreppum eru skattskyldar tekjur 4,8 millj. eða aðeins 90 krónur á íbúa. Þar eru skuldlausar eignir 31 millj. kr. eða 580 kr. á íbúa og fasteignamat í öllum hreppum landsins er 57,5 millj. króna. Íbúafjöldi þeirra er 53424 og framfærslukostnaður samtals 611 þús. kr.

Sé skýrslur þær, er Hagstofan hefir í höndum frá hreppunum, athugaðar, kemur það í ljós, að hrepparnir margir hverjir greiða aðeins frá sér lítinn hluta þess, sem þeim er þar fært til útgjalda sem fátækrastrykur. Mikill hluti þess er styrkur lagður mönnum af öðrum hreppi eða kaupstað og talinn því hreppsfélagi til skuldar, eða það eru skuldir við sjúkrahús. Mikill hluti þeirra endurgreiðslna, sem talinn er til hreppanna nú, rennur því raunverulega til kaupstaða þeirra og kauptúna, sem hrepparnir skulda, sem endurgreiðsla.

Með fyrirkomulagi því, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu hér að framan, mundi þetta breytast til muna.

Er það öllum augljóst, að t. d. hreppur, þar sem allar skattskyldar tekjur hreppsbúa nema samanlagt aðeins 1900 krónum, en fátækraþyrði ársins rúnum 12 þúsund krónum, getur ekki greitt neitt sem nemur af því, sem honum ber að greiða, enda fer greiðslan raunverulega fram af öðru eða öðrum sveitarfélögum.

Af þeim skýrslum, sem hér liggja fyrir, og annari vitneskju í þessum efnunum er það augljóst, að sjálfsagt er að breyta til í þessum málum, og er í frv. því sem hér liggur fyrir, reynt að koma á því fyrirkomulagi, að hver sveit framfæri þá, sem þar eiga heima, en aðra ekki.

Þetta mun í fljótu bragði sýnast veruleg röskun frá því sem nú er, en svo er þó í rauninni ekki. Fátækraþyrðin hvílir nú raunverulega á fáum stórum kauptúnum og kaupstöðum, og mun gera það í framtíðinni. Það er því rétt að afnema þessar krókaleiðir, sem enn eru á um endurgreiðslurnar, og allt vafstur við sveitfesti og flutningskröfur, en taka upp þá reglu, að hvert sveitarfélag framfæri þá, sem þar eiga heima, og rikissjóðurinn jafni kostnaðinn þar, sem hann ætlar að verða sveitar- eða bæjarfélaginu um megn.

Þó það virðist nú svo, að ef fylgt hefði verið 1933 reglu þeirri, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu um endurgreiðslu úr rikissjóði, hefði endurgreiðslan orðið mun hærrí, þá er þetta ekki rétt. Mikið af þeirri endurgreiðslu, sem 1933 er talið fara til hreppanna, fer þangað ekki, heldur til kaupstaða og kauptúna, sem nú fá ýmist litla eða enga endurgreiðslu. Byggist þetta á því, að endur-

greiðslurnar eru eftir frumvarpsreglunni líka reiknaðar út eftir fátækrabyrði þeirri, sem *talin er vera* hjá sveitarfélögunum 1933, en ekki eftir þeirri, sem *raunverulega var* hjá þeim. Um hana liggja ekki fullnaðarskýrslur fyrir og geta ekki legið fyrir meðan það fyrirkomulag helzt, sem nú er. Er því mjög líklegt, að ef framfærsluréttur og endurgreiðslur hefðu það ár verið eftir reglum þessa frv., þá hefði fé það, sem ríkissjóður þurfti að greiða, verið mun minna en nú, en það hefði skipzt nokkuð á annan veg. Ber vel að athuga þetta, þegar frumvarpið er gagnrýnt.

Reykjavík, í marz 1935.

Jónas Guðmundsson. Páll Hermannsson.